

## Fundargerð:

# Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til 6. fundar þann 5. desember 2025 kl. 10:00 í fjarfundi á Teams.

## Fundinn sátu:

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Eva Sigurjónsdóttir, Árneshreppi
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG sem ritaði fundargerð
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG

## Dagskrá:

### 1. Undirbúningur fundar með innviðaráðherra

Verkefnisstjórn hefur fengið fund með innviðaráðherra þann 9. desember kl. 13:45. Rætt um það hvaða málefni bera eigi upp við ráðherra.

Ráðgjöfum falið að taka saman glærur í kynningu þar sem fjallað verði um:

- Undanþágu frá ákvæðum sveitarstjórnalaga um lágmarksíbúafjölda og kröfum um frekari sameiningar.
- Leiðir til að færa eignarhald á Útgerðarfélaginu Skúla og Hitaveitu Drangsness í sjálfseignarstofnanir eða sambærilegt án þess að afgang komi fyrir þau í sveitarsjóð. Hvort tveggja er byggt upp með byggðafestusjónarmið í huga.
- Samgöngumál í Árneshreppi sem auk þess að hafa veruleg áhrif á lífsskilyrði íbúa hafa beina tengingu við framgang Hvalárvirkjunar.
- Leiðir til að tryggja að íbúðarhúsnæði í eigu Árneshrepps verði áfram í boði til leigu vegna byggðafestusjónarmiða.
- Mótvægisáðgerðir vegna áhrifa breytinga í byggðakerfi í sjávarútvegi (5,3% pottinum), vegna viðkvæmrar stöðu byggðar og óljórar stöðu brothættra byggðarlaga.

Kynning á glæruformi fyrir fund:

1. Kynning á sveitarfélögunum og stöðu þeirra
2. Dugar þessi sameining: samtal um undanþágu frá lágmarksíbúafjölda, mannfjöldaspá um fjölgun
3. Sameiginlegar samgöngur innan sameinaðs sveitarfélags: með áherslu um áhrif á framkvæmdir við Hvalárvirkjun, Veidileysuháls, heildstæðar samgöngur úr Bjarnafirði í Norðurfjörð og vetrarþjónustu á svæðinu.

4. Áhrif byggðakerfi fiskveiða: áhrif vegna viðkvæmrar stöðu byggðar, umgjörð utan um þorskeldi sem er stundað í Steingrímsfirði.
5. Sérþækar aðgerðir til þess að tryggja byggðafestu og hagsmuni íbúa: Ósk Kaldrananeshrepps eftir heimild til þess að færa eignarhlut í útgerð yfir í sjálfseignar eða samvinnufélag án þess að framlag komi á móti á forræði íbúa sem bundin eru við sveitarfélagamörk Kaldrananeshrepps til þess að tryggja byggðafestu með rekstri. Kaldrananeshreppur óskar eftir heimild til þess að fær hitaveitu yfir í samskonar fyrirkomulag enda var kerfið byggt upp með hagsmuni íbúa að leiðarljósi og tryggja hagkvæmni og byggðafestu.
6. Sameiginlegir hagsmunir: Beiðni um aukinn stuðning til hitaveituvæðingar til leiðar til aukinnar byggðafestu.

Samþykkt að Finnur leiði kynningu með glærum á fundi með ráðherra.

Fundi slitið kl. 10:45